

sækjenda, er miðast við, hve brýn þörfin álist á hverjum stað. Kys stjórnin einn **88**
úr sínum flokki til að annast fjárreiður og reikningagerð sjóðsins. 9. júlí

5. gr.

Stjórn styrktarsjóðsins skal hafa gerðabók, er skipulagsskrá þessi sje rituð í, sem og allar ráðstafanir snertandi styrktarsjóðinn, bæði um ávöxtun fjárins, úthlutun styrks til sjúklinga o. fl. Ársreikningar sjóðsins fyrir hvert almanaksár skulu einnig færðir þar, og lagðir fyrir endurskoðun ásamt sveitarsjóðsreikningi Hálshrepps

Við undirrituð höfum samið skipulagsskrá þessa sem næst yfirlýstum vilja fyrnefndrar fósturdóttur okkar, Þóru Benediktsdóttur, skömmu fyrir andlát hennar.

Belgsá í Fnjóskadal, 10. mars 1918.

Indriði Árnason.

Guðrún Guðmundsdóttir.

Reglugjörð

um stimpilmerki.

89
13. ágúst

Samkvæmt löguin 12. ágúst 1918, um stimpilgjald, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um stimpilmerki:

1. gr.

Fjármáladeild stjórnarráðsins sjer um, að gerð verði sem fyrst og til sjeu jafnan nægar birgðir af stimpilmerkjum, er gilda 5 aura, 10 aura, 25 aura, 50 aura, 1 krónu, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur, 50 krónur, 100 krónur, 500 krónur og 1000 krónur, og ákveður gerð þeirra og útlit. Skulu þau jafnan vera til sölu hjá fjármáladeild stjórnarráðsins og öllum lögreglustjórum landsins.

2. gr.

Bankar, útibú þeirra, sparisjóðir og aðrar lánsstofnanir skulu fá stimpilmerki hjá lögreglustjóra í þeim kaupstað eða í þeirri sýslu, þar sem stofnunin rekur atvinnu sína, og á hver slik stofnun kröfu á að fá svo mikið af merkjum

89 í einu sem ætla má, að hún þurfi í 3 mánuði. Gjald skal eigi greiða fyrir merk-
 13. ágúst in fyr en þau eru seld. Sá, sem afhendir stimpilmerki slíkum stofnunum, skal
 hafa sjerstakan reikning í höfuðbók embættisins yfir merki þessi fyrir hverja þá
 stofnun, er við hann skiftir, og sýni reikningur þessi nákvæmlega hversu mikið
 hver stofnun hefir fengið af merkjum og hversu mikið hún hefir greitt upp í þau.

3. gr.

Þegar við lok hvers ársfjórðungs skulu bankar og lánsstofnanir greiða
 þeim lögreglustjóra, sem þær hafa fengið stimpilmerki hjá, alt andvirði stimpil-
 merkja þeirra, sem notuð hafa verið á ársfjórðungnum, og jafnframt gefa skýrslu
 um, hversu mikið sje óselt af stimpilmerkjum í vörslum þeirra. Fyrir umsjón
 með stimplun skjala og fyrir reikningsfærslu fá stofnanir þessar 2% af and-
 virði seldra merkja.

4. gr.

Áður mánuður er liðinn frá lokum hvers ársfjórðungs skulu sýslumenn,
 bæjarfógetar og lögreglustjórinn í Reykjavík senda landsfjehirði alt það fje, sem
 inn hefir komið fyrir stimpilmerki á síðasta ársfjórðungi, og skýra fjármáladeild
 stjórnarráðsins jafnframt frá greiðslunni. Fyrir reikningshald og stimplun fá þeir
 2% af andvirði þeirra stimpilmerkja, sem þeir hafa sjálfir notað til stimplunar.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skulu þeir valdsmenn, er ræðir um
 í þessari grein, senda fjármáladeild stjórnarráðsins reikning, í því formi er hún
 fyrirskipar, fyrir síðastliðið ár, yfir andvirði seldra stimpilmerkja.

5. gr.

Þeir valdsmenn, sem nefndir eru í 4. grein, skulu daglega tilfæra í sjer-
 stökum dálki í aukatekjubók embættisins andvirði seldra stimpilmerkja.

6. gr.

Skjal er stimplað með því að líma á það stimpilmerki fyrir fjárhæð þeirri,
 er stimpilgjald skjalsins nemur. Sá sem framkvæmir stimplunina skal ónýta
 merki þau, er hann notar til þess, með því að rita nafn sitt og þann mánaðar-
 dag og ár, er merkið er ónýtt, með bleki yfir merkið eða merkin, svo skýrt og
 greinilega, að eigi verði um það villst, að merkið sje notað.

7. gr.

Þangað til stimpilmerki eru gerð skal nota til stimplunar almenn póst-
 frimerki og skulu þau sem stimpilmerki hafa tífalt frimerkjagildið. Að öðru leyti

fer um stimplun með frimerkjum á sama hátt og með stimpilmerkjum að því frá- **89**
skildu, að þegar reikningur er gerður fyrir stimpilgjald, skal draga frá þeirri **13. ágúst**
fjárhæð, sem inn hefir komið fyrir stimplun skjala, 1/10 hluta þess til greiðslu
andvirðis frimerkjanna, enda sjeu þau greidd við móttöku á því pósthúsi, sem
þau eru keypt. Frímerkin skulu lánstofnanir fá hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra
með því verði, sem þau hafa á pósthúsum, og greiða þær þau við móttöku, en
geta skilað aftur gegn fullu endurgjaldi því, sem afgangss kann að vera, er sjer-
stök stimpilmerki verða tekin til notkunar. Pósthús landsins eru skyld til að
veita viðtöku hjá lögreglustjórum gegn fullu endurgjaldi þeim frimerkjum, sem
þeir hafa keypt til notkunar í stað stimpilmerkja.

8. gr.

Lánstofnanir skulu rita daglega í þar til gerða bók hversu mikið fje er
greitt þeim fyrir stimplun skjala, og hefir fjármálaráðherrann heimild til, þegar
honum þykir þörf á, að láta rannsaka slíkar bækur og sannreyna hvort fyrir-
mælum stimpilgjaldslaganna og þessarar reglugjörðar sje nákvæmlega fylgt, sjer-
staklega hvort öll stimpilskyld skjöl sjeu stimpluð. Í bók þessa skal einnig rita
greiðslur til lögreglustjóra á stimpilgjaldi og skýrslu um móttöku stimpilmerkja
og frimerkja til stimplunar.

9. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 13. ágúst 1919.

Sig. Eggerz.

Magnús Guðmundsson